



Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Halldór Haraldsson píanóleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari.

Trío Reykjavíkur leikur í Hafnarborg

Verk eftir Beethoven, Vagn Holmboe og Dvorak á efnisskránni

FJÓRÐU og síðustu tónleikar Tríós Reykjavíkur og Hafnarborgar á þessu starfsári verða haldnir sunnudaginn 20. febrúar kl. 20 í Hafnarborg, Hafnarfirði. Þar kom fram meðlimir Tríós Reykjavíkur, þau Halldór Haraldsson píanóleikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari.

Verkin sem leikin verða á þessum tónleikum eru Kakadú-tilbrigðin op. 121A eftir Beethoven, tríóið „Nugien“ op. 129 eftir danska tónskáldið Vagn Holmboe og hið fræga Dumky-trío op. 90 eftir Dvorak.

Trío Reykjavíkur er á förum til Danmerkur þar sem það mun halda fimm tónleika í Kaupmannahöfn, á Sjálandi og Jótlandi.

Kjarvalsstaðir

Skúlpúturar Sólveigar Aðalsteinsdóttur

SÝNING á skúlpúturum eftir Sólveigu Aðalsteinsdóttur opnar að Kjarvalsstöðum laugar-daginn 19. febrúar kl. 16.

Sólveig hefur haldið sex einkasýningar í Reykjavík, á Ísafirði og í Sviss og tekið þátt í samsýningum víða um heim.

Í fréttatilkynningu segir: Skúlpúturar Sólveigar Aðalsteinsdóttur eru á margan hátt ögrun við hefðbundið gildismat áhorfandans þar sem efniviður þeirra er oft og einatt það sem flokka má undir úrkast eða úrgang neyslusamfélagsins. Í þeim er hvorki að finna marmara né brons og hvorki eðalmálma eða eðalsteina. Form þeirra er hvorki upphafin mynd af afmörkuðum veruleika, né úthugsuð mynd eða still og þeir eru lausir við þá áru heilagleikans sem hin heilaga kirkja listarinnar sveipar listmunina á markaðstorginu og er til þess fallin að veita okkur falska öryggistilfinningu.

Sýningin er opin daglega frá kl. 10–18 og stendur til sunnudagsins 27. mars.

Hvítabandið 60 ára

eftir Önnu Birnu Jensdóttur

Í dag, 18. febrúar, er Hvítabandið 60 ára, en það var vígt 18. febrúar 1934. Á Hvítabandi eru starfræktar tvær deildir Borgarspítalans; hjúkrunardeild fyrir aldraða og dagdeild fyrir geðsjúka. Hvítabandið dregur nafn sitt af kvenfélaginu Hvítabandinu, sem stofnað var árið 1895.

Félagið var í fyrstu eingöngu bindindisfélag, en varð síðan kristilegt bindindis- og góðgerðarfélag. Hvítabandskonur létu fljótt fátæktarmál til sín taka og síðar hjúkrunarmál.

Á bandalagsfundum kvenna 1917 var fyrst rætt um stofnun hjúkrunarheimilis í Reykjavík og varð það síðar sérfrækt Hvítabandsins og aðalsmerki þess í mörg ár. Hafist var handa við byggingafrákvæmdir árið 1932, en af ýmsum ástæðum, einkum í sambandi við lántökur, var fyrirkomulagi breytt og það látið vera sjúkrahús, sem stæði á eignarlóð.

Fyrsti sjúklingurinn var lagður inn á sjúkrahús Hvítabandsins 20. febrúar 1934. Kvenfélagið Hvítabandið starfrækti sjúkrahúsið í tæp 9 ár eða þar til sjúkrahúsið var afhent Reykjavíkurbæ til eignar í ársbyrjun 1943.

Hvítabandið var starfrækt sem almennt sjúkrahús þar sem sjúklingar á handlækningadeild voru í allmiklum meirihluta fram á haust 1968, en þá var starfsemi breytt í kjölfar stofnunar Borgarspítalans. Starfsemi geðeilda Borgarspítalans var síðan á Hvítabandinu til ársloka 1981, en þá var hafist handa við að setja á stofn hjúkrunardeild á 2. og 3. hæð hússins, sem tók til starfa 25. mars 1982. Húsið hefur frá þeim tíma þjónað því hlut-

„Sá grunnur sem hvítabandskonur lögðu með byggingu Hvítabandsins hefur reynst ómetanlegur í þágu sjúkrahúsmála í Reykjavík og þjónustu við geðsjúka og aldraða í seinni tíð.“

verki, sem hugur hvítabandskvenna stóð til í öndverðu.

Hjúkrunardeildin tilheyrir nú nýstofnaðri öldrunarlækningadeild Borgarspítalans. Aldraðir einstaklingar með langvinnar sjúkdómsbreytingar í heilavef, sem leiða til truflana í hugsun og háttum dvelja á deildinni. Algengasti sjúkdómsvaldur langvinnra sjúkdómsbreytinga í heilavef er Alzheimer-sjúk-

dómtr, en aðrir sjúkdómar sem valda óafturkræfri breytingu á hugarstarfi eru sjaldgæfari og af ýmsum toga spunnir. Markmið hjúkrunar felast í því að tryggja öryggi og vellíðan sjúklunga og standa vörð um sjálfsmynd þeirra og sjálfsvirðingu. Helstu leiðir að þessum markmiðum eru m.a. að fylgjast með einkennum sjúkdómsins og heilsufari almennt og gera víðeigandi ráðstafanir þegar þörf krefur. Koma í veg fyrir álag með því að hafa heimilislíf í föstum skorðum, tryggja handleiðslu og vísbendingar í umhverfinu og leitast við að hafa umhverfi heimilislegt, aðgengilegt og hættulaust. Stuðlað er að vellíðan með því að tryggja að undirstöðuþarfir séu uppfylltar og leitast er við að standa vörð um sjálfsmynd einstaklingsins með því að stuðla að virkri þátttöku hans í eigin umönnun og tryggja valmöguleika hans í athöfnum daglegs lífs.



Hvítabandið við Skólavörðustíg.


Óbærilegur ódaunn

eftir Gunnlaug Þórðarson

Grein Sigurðar B. Stefánssonar framkvæmdastjóra Verðbréfa- markaðs Íslandsbanka hér í blaðinu 8. febrúar sl. út af grein minni 3. febrúar sl. gefur tilefni til nokkurra stuttra athugasemda.

Útreikningur minn á söluverði SR-mjólis stendur óhaggaður, það er að rétt söluverð sé a.m.k. 2,5 milljarðar kr. Reyndar hafa sérfræðingar á þessu sviði bent mér á að rétt nettóverð hinna seldu eigna hafi verið nær 5 milljörðum króna en 2,5 milljörðum kr. og þeir spá því að kaupendurnir muni geta greitt kaupverðið upp með ágóða næstu tveggja ára.

Í grein minni var lauslega vikið að því hve óhöndulega hefði tekist til um sölu SR-mjólis og vitnað til forstugreinar Jónasar Kristjánssonar, ritstjóra, í DV 4. janúar sl., en þar sagði m.a.: „Hver einasta málsgrein í alþjóðlegum stöðlum útboða var brotin, þegar einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar lét bjóða út SR-mjöl.“ Þessi ásökun stendur eftir sem áður óhöggdu og byggist m.a. á eftirfarandi atriðum: 1. Tilboði þess aðila, sem bauðst til að selja fyrirtækið með lægstum kostnaði, var ekki tekið. 2. Fyrirfram var reynt að fá aðeins einn ákveðinn aðila til að gera tilboð. 3. Hagsmunatengsl. Að vísu getur stundum verið erfitt að sneiða hjá hagsmunatengslum í okkar litla þjóðfélagi. 4. Hæsta boði var ekki tekið. 5. Opnun tilboða fór ekki fram á réttan hátt með því að tilboðsgjöfum var ekki gefinn kostur á að vera viðstaddir opnun tilboða. 6. Frágangi tilboðsgagna var áfátt.



Gunnlaugur Þórðarson

„Það er auðvitað krafa alþjóðar að staðið sé að sölu ríkisfyrirtækja eða ríkiseigna með þeim hætti að slík ráðstöfun sé hafin yfir alla gagnrýni og verði ekki til efni til þess að vera kölluð „upptaka á almannafé“.“

Samið um kaupverð og fyrirkomulag greiðslna eftir á.

Fleira mætti tína til, en undirrituðum skilst að málið bíði úrlausnar dómstóla og því er ekki ástæða til að tífunda fleiri atriði. Þess má geta að hagnaður af rekstri fyrirtækisins

sl. ár var um 300 milljónir króna og það hefði átt að opna augu manna fyrir því að söluverðið var of lágt metið.

Það er sorglegt þegar verðbréfasölu er falin sala ríkisfyrirtækis, að ekki skuli takast betur til. Hætt er við að slík stofnun glati því trausti sem henni er nauðsynlegt á hverjum tíma.

Það er auðvitað krafa alþjóðar að staðið sé að sölu ríkisfyrirtækja eða ríkiseigna með þeim hætti að slík ráðstöfun sé hafin yfir alla gagnrýni og verði ekki til efni til þess að vera kölluð „upptaka á almannafé“.

Það hlýtur að vera hverjum stjórnmálamanntil vansa að fnykleggi af einhverri athöfn hans. Enginn þeirra sem kynnir sér þetta mál neitar að af því leggur óbærilegan ódaun.

Frá almennu sjónarmiði er óskiljanlegt að nokkur ráðherra og sist sjávarútvegsráðherra, skuli vilja láta undirmenn sína í einkavæðingarnefndinni standa í því líku verki og því sem hér hefur verið minnst á.

Það kom hins vegar engum á óvart, hér um árið, þótt Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. fjármálaráðherra, lét sig slíkt engu varða, er hann lét selja ríkiseignina í Þormóði Ramma hf., sem vakti almenna hneykslun vegna þess hvernig að málum var staðið. Nefna mætti fleiri dæmi slíks.

Vænta mátti þess að slík vinnubrögð heyrðu sögunni til. Hitt er víst að mat manna á því hvaða hagsmuni ber að virða er augljóslega mismunandi og að þar hafa ótrúlegustu atriði áhrif. Sala SR-mjólis er og verður uggekkandi og gefur þeim fallettunn sem að verki voru.

Höfundur er hæstaréttardómari.